

Nefndasvið Alþingis

Alþingishúsinu

101 Reykjavík

Selfossi, 18. mars 2024

Efni: Umsögn laganeftdar Lögmannafélags Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (alþjóðleg vernd), 722. mál, 154. löggjafarþings 2023-2024.

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn laganeftdar LMFÍ við framangreint frumvarp, dags. 6. mars sl.

Laganeftnd skilaði áður umsögn til dómismálaráðuneytisins vegna áforma um lagasetningu er varðaði breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016, dags. 16. október 2023. Þá skilaði laganeftnd einnig umsögn um framangreint frumvarp til ráðuneytisins áður en það var lagt fyrir þingið, dags. 1. desember 2023. Er vísað til framangreindra umsagna. Þar sem nú er komið fram endanlegt frumvarp sem lagt hefur verið fyrir þingið þykir laganeftnd tilefni til þess að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytingu á skipan kæruneftdar útlendingamála. Miðar breytingin að því að í stað þess að nefndina skipi tveir nefndarmenn í fullu starfi og fimm í hlutastarfi skuli nú eingöngu skipa nefndina þrír nefndarmenn í fullu starfi. Er þar með lagt til að nefndarmönnum sé fækkað úr sjö í þrjá og að enginn nefndarmaður verði tilneftur af mannréttindasamtökum. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að þetta sé gert til að auka skilvirkni vegna mikillar fjölgunar kæra sem borist hafa nefndinni á síðastliðnum árum. Laganeftnd á erfitt með að sjá hvernig skilvirkni eða afköst nefndarinnar komi til með að aukast með þessu fyrirkomulagi. Almenn ánægja hefur verið með það meðal lögmanna að nefndarmenn í kæruneftnd útlendingamála hafi ólíkan bakgrunn og reynslu og hefur afgreiðsla mála verið skilvirk og góð. Laganeftnd telur það nærtækast að fjölga nefndarfundum eða auka starfshlutfall annarra nefndarmanna fremur en að fækka í nefndinni ef markmiðið er að auka skilvirkni. Þá telur laganeftnd það afturför að loka fyrir tilnefningar mannréttindasamtaka í nefndina.

Í 2. gr. frumvarpsins er farið nánar yfir það hvernig verkaskiptingu og ákvarðanatöku skuli háttað milli nefndarmanna. Vekur það athygli laganeftdar að í ákvæðinu kemur fram að það skuli að jafnaði tveir nefndarmenn úrskurða í hverju máli. Eingöngu skuli kalla til þriðja nefndarmanninn ef nefndarmenn séu ekki sammála um niðurstöðu máls. Verður það að teljast fremur óvanalegt fyrirkomulag enda opinberar nefndir almennt skipaðar í það minnsta þremur aðilum sem taka ákvörðun í málum. Laganeftnd telur

LAGANEFND LMFÍ

Þetta fyrirkomulag óheppilegt og til þess fallið að draga úr réttarvernd. Þá þykja nefndinni heimildir nefndarmanna til þess að úrskurða einir í málum mjög víðtækar samkvæmt frumvarpinu og tilefni til að endurskoða í hvaða tilfellum eðlilegt er að slíkt sé heimilt.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er felld úr gildi 2. mgr. 36. gr. laganna og þar með heimild íslenskra stjórnvalda til að taka mál, sem annars myndu ekki hljóta efnismeðferð, til efnismeðferðar ef umsækjandi hefur sérstök tengsl við landið eða ef sérstakar ástæður mæla með því. Er hér að mati laganefndar tilefni til þess að staldra við. Laganefnd hefur efasemdir um að þessar breytingar samrýmist markmiði laganna um aukna mannúð og skilvirkni og hvetur til þess að þetta verði skoðað betur.

Laganefnd fagnar því að í samræmi við athugasemdir nefndarinnar og annarra umsagnaraðila hafi verið fallið frá breytingum á 30. gr. laganna er varðar talsmannþjónustu og 74. gr. laganna er varðar málsmeðferðarfrest í efnismeðferðarmálum.

Fulltrúar laganefndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar ef þess er óskað eða með öðrum hætti veita frekari upplýsingar eða umsögn um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ



Kristrún Elsa Harðardóttir